



# Fréttabréf Brekkuskóla

22. ágúst 2016  
1. tbl. skólaárið 2016 - 2017  
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

Ágæta skólasamfélag.

Að venju hefjum við skólaárið með samtölum við nemendur og foreldra en svo hefst kennsla samkvæmt stundaskrá á miðvikudaginn, nema hjá 1. bekk sem byrjar klukkan 9. Haustdagana stefnum við á að nýta til að vera dálítið útivið svo sem í íþróttatímum og á útivistardaginn 1. september. Nánari upplýsingar um hann koma síðar. Mikilvægt er að nemendur komi, eins og alltaf, klæddir eftir veðri.

Fyrirhugaðir eru kynningarfundir fyrir foreldra í september og foreldranámskeið sem hafa verið sett upp í fjórum árgöngum 1., 3., 5. og 8. árgangi. Nánari kynning mun berast foreldrum í netpósti í næstu viku.

Helstu áherslur á komandi skólaári eru að vinna áfram með innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og þróa námsmat í samræmi við hana. Við höldum áfram að beina sjónum okkar að "Læsi" auk þess sem viðmið um árangur og gæði skólastarfsins verða ofarlega á listanum. Umbótanefnd er að störfum í skólanum sem mun vinna umbótaáætlun út frá skýrslu um ytra mat sem gert var á Brekkuskóla sl. vetur. Í haust stefnum við á að halda skólaping um samskipti og verður ein áherslan á því þingi um samskipti og vellíðan. Við leggjum okkur alltaf fram um að hafa góðan skólabrag og viljum að öllum líði vel í skólanum, þetta þing er kjörinn vettvangur til að stuðla að því. Brekkuskóli er þátttakandi í samstarfsverkefni á vegum Erasmus+ með skólum frá Danmörku, Þýskalandi, Wales, Spáni og Ítalíu. Samstarfið hófst haustið 2015 og því lýkur vorið 2018. Verkefnið heitir Learn, Create and Communicate og snýst um samskipti og sköpun í námi. Kennarar og nemendur allra skólanna vinna að mismunandi verkefnum sem þeir deila sín á milli. Dagana 29.mars til 1.apríl 2017 funda samstarfsskólarnir í Brekkuskóla og 30. mars efnum við til námsstefnu, þar sem fulltrúar allra landanna kynna sín lönd og miðla af þekkingu sinni og reynslu.

Þegar þetta er ritað er fjöldi nemenda 502 í Brekkuskóla sem er nokkur aukning frá því í fyrra. Starfsmenn skólans eru 77 og þar af nokkrir nýir sem bættust við hópinn nú í haust. Við bjóðum nýliðana velkomna til starfa í Brekkuskóla sem og alla nemendur og foreldra þeirra.

Með góðri kveðju úr skólanum,  
stjórnendur

## Kynning á skólastarfinu og samstarf foreldra

Nú á haustdögum eru fyrirhugaðir **kynningarfundir fyrir foreldra í 2., 4., 6., 7., 9. og 10. bekk.** Foreldrar og forráðamenn fá sendan tölvupóst með tímasetningu fundanna.

Stjórn foreldrafélagsins hvetur foreldra til að skipuleggja foreldrastarfið í vetur og nýta sér foreldramöppu sem er í umsjón foreldrafulltrúa árganganna.

**Morgunmóttökur** verða á vorönn. Morgunmóttökur eru óformlegar móttökur í skólanum þar sem foreldrar/forráðamenn eru sérstaklega boðnir velkomnir. Þá kynna nemendur valin verkefni sem unnin hafa verið í skólanum.

## Foreldranámskeið 1 - 3 - 5 - 8

Foreldranámskeiðin sem við köllum "1 - 3 - 5 - 8" verða haldin sem hér segir:

- 1. bekkur** - 6. sept. kl. 16:30 - 18:30 og 12. sept. kl. 16:30 - 18:00
- 3. bekkur** - 7. sept. kl. 16:30 - 18:30 og 15. sept. kl. 16:30 - 18:00
- 5. bekkur** - 5. sept. kl. 16:30 - 18:30 og 13. sept. kl. 16:30 - 18:00
- 8. bekkur** - Fær boð með tölvupósti

**Í fyrra skiptið verður boðið upp á súpu og brauð í matsal eftir námskeiðið.**

Þessi námskeið eru ætluð foreldrum í 1., 3., 5. og 8. bekk. Foreldrar þessara árganga fá senda dagskrá og fundarboð í netpósti

## Fjöldi nemenda

1. bekkur - 44 nemandi
2. bekkur - 53 nemendur
3. bekkur - 51 nemandi
4. bekkur - 49 nemendur
5. bekkur - 56 nemendur
6. bekkur - 51 nemendur
7. bekkur - 55 nemendur
8. bekkur - 60 nemendur
9. bekkur - 36 nemendur
10. bekkur - 47 nemendur

Alls 502 nemendur



## Skólaakstur— Innbær

Í vetur fer skólabíll úr Innbær í Brekkuskóla:

- 07:35 Hafnarstræti / Keiluhöll
- 07:36 Aðalstræti / Brynja
- 07:38 Aðalstræti / Duggufjara
- 07:41 Aðalstræti / Minjasafn Aðalstræti / Naustafjara
- 07:50 Laugargata Brekkuskóli

**ATH! Ekki verður ferð úr skólanum að afloknum skóladegi.**

## Brekkuskóli

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Viðburðadagatal og matseðill - ágúst og september 2016

21. ág.	22. <b>Samtöl</b>	23. <b>Samtöl</b>	24. Grænmetisbuff, hrísgrjón, sósa, salat og ávextir.	25. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir.	26. Lambagúllas, kartöflur, salat og ávextir.	27.
28.	29. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir.	30. Lasagne, brauð, salat og ávextir.	31. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	1. sept. Steiktir kjúklingabitar, kartöflur, sósa, salat og ávextir.  <b>Útivistardagur</b>	2. Grjónagrautur, slátur og ávextir.	3.
4.	5. Hakk og spaghettí, kartöflur, salat og ávextir.  <b>Foreldranámskeið fyrir foreldra í 5. bekk</b>	6. Fiskibollur, kartöflur, salat, sósa og ávextir.  <b>Foreldranámskeið fyrir foreldra í 1. bekk</b>	7. Lambasnitsel, kartöflur, sósa, salat og ávextir.  <b>Foreldranámskeið fyrir foreldra í 3. bekk</b>	8. <b>Dagur læsis</b> Fiskiréttur í ofni, kartöflur, salat og ávextir.	9. Rjómalöguð súpa, brauð, álegg, salat og ávextir.	10.
11.	12. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir.  <b>Foreldranámskeið fyrir foreldra í 1. bekk</b>	13. Buff, kartöflur, salat, sósa og ávextir.  <b>Foreldranámskeið fyrir foreldra í 5. bekk</b>	14. Ofnsteiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	15. Steiktir kjúklingabitar, kartöflur, sósa, salat og ávextir.  <b>Foreldranámskeið fyrir foreldra í 3. bekk</b>	16.  <b>Starfsdagur Frístund lokuð</b>	17.
18.	19. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	20. Kjötbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	21. Ofnbökuð ýsa, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	22. Lambapottréttur, kartöflur, salat og ávextir.  <b>Samr.próf 7. b. íslenska</b>	23. Pastaréttur, brauð, salat og ávextir.  <b>Samr.próf 7. b. stærðfr.</b>	24.
25.	26. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, salat og ávextir. <b>Evrópski tungumáladagurinn</b>	27. Heitt slátur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	28. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	29. Grænmetisréttur, hrísgrjón, salat sósa og ávextir. <b>Samr.próf 4. b. íslenska</b>	30. Grjónagrautur, slátur og ávextir.  <b>Samr.próf 4. b. stærðfr.</b>	1. okt.



Verkefninu **Göngum í skólann** verður hleypt af stokkunum í tíunda sinn miðvikudaginn 7. september næstkomandi og lýkur svo formlega með alþjóðlega Göngum í skólann deginum miðvikudaginn 5. október.

Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Brekkuskóli er þátttakandi í verkefninu og hvetur alla til að ganga í skólann.



shutterstock - 143366045

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir